

## Íslenska 9. -10. bekkur

Áhersla er lögð á fjölbreytt verkefni með áherslu á sjálfstæð vinnubrögð og fjölbreytni í kennsluaðferðum án þess að binda sig í klafa tiltekinna lærdómskenninga. Nemendur eru hvattir til að finna sér lesefni sem höfðar til þeirra og lögð er áhersla á yndislestur í upphafi hverrar kennslustundar í íslensku.

Hæfniviðmið Við lok 10. bekkjar getur nemandi	Leiðir (kennari)	Leiðir (nemendur)	Námsmat
<p><b>Talað mál, hlustun og áhorf</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas</li> <li>gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar s.s. um áherslur, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu</li> <li>nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar</li> <li>hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni</li> <li>nýtt sér fjölmiðla, s.s. útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fer yfir áhersluþætti sem varða góða framsögn, leyfir nemendur að hlusta á góða framsögn og einkenni hennar</li> <li>þjálfar nemendur reglulega s.s. með kynningum og skipulögðum verkefnum þar sem áherslan er á skýran og áheyrilegan flutning</li> <li>skipuleggur og kennir á markvissan hátt samræðuaðferðir</li> <li>hvetur til þess að nemendur hlusti og horfi á mismunandi flutning s.s. í fjölmiðlum og nýti sér það í verkefnavinnu</li> <li>hvetur nemendur til virkrar hlustunar og þátttöku í samræðum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>æfa framsögn og taka ábendingum sem lúta að framförum</li> <li>kynna verkefni og setja sér fyrirfram markmið um að bæta framsögn sem og að vera góður hlustandi</li> <li>geta tekið þátt í skipulögðum samræðum og kynningum</li> <li>sýna tillitssemi og áhuga á því sem aðrir eru að segja</li> <li>nýta sér fjölbreytt efni við verkefnavinnu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>leiðsagnarmat frá kennara</li> <li>sjálfsmat</li> <li>jafningjamat</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>• átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.</li> </ul>			
<p><b>Lestur og bókmenntir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið almennan texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað</li> <li>• skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftl eigið læsi</li> <li>• og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur</li> <li>• greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða</li> <li>• gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því</li> <li>• lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta</li> <li>• beitt nokkrum grunnhugtökum bókmenntafræði, s.s. minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð</li> <li>• notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum</li> <li>• leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, s.s. fjölmiðla-</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gengur úr skugga um að nemendum standi til boða fjölbreytt lesefni</li> <li>• hvetur nemendur til að velja sér fjölbreytt lesefni við hæfi og ræðir við þá um mikilvægi þess að ná að lesa af áhuga</li> <li>• Gætir þess að eiga við nemendur samræður um innihald texta</li> <li>• ræðir við nemendur um ýmis bókmenntahugtök</li> <li>• kennir markvisst aðferðir sem efla lesfimi og lesskilning s.s. gagnvirkan lestur, paralestur og leitarlestur</li> <li>• Vinnur með ljóð m.t.t. bragfræði, boðskap og bókmenntahugtök</li> <li>• innleiðir aðferðir við öflun heimilda sem byggjast á gagnrýnni hugsun og öguðum vinnubrögðum. Kennarinn leiðir aðferðafræðina og fylgist grannt með gangverki vinnunnar hjá nemendum og beinir þeim inná rétta braut</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesa ólíkan texta og læra ólíkar aðferðir til að auka skilning á efni textans</li> <li>• læra og nota fjölbreyttar aðferðir við lestur eftir tilgangi lestrar hverju sinni</li> <li>• geta tekið þátt í umræðum um það sem þeir hafa verið að lesa, myndað sér sjálfstæðar skoðanir og greint aðalatriði frá aukaatriðum</li> <li>• lesa ólík ljóð frá mismunandi tímum sem og að semja og flytja frumorð ljóð</li> <li>• þekkja nokkur hugtök í bragfræði</li> <li>• læra að vísa rétt til heimilda og skrifa heimildaritgerð, geta valið á milli heimilda og notað ólíkar leitarvélur á netinu</li> <li>• læra að túlka myndrænar og tölulegar upplýsingar</li> <li>• læra að sýna sjálfstæði við val á lesefni</li> <li>• sýna lestri áhuga og natni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kjörbókaritgerðir</li> <li>• lesskilningsverkefni</li> <li>• kannanir um bókmenntahugtök s.s. í gegnum ljóð og stuttar sögur</li> </ul>

<p>og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér</li> <li>• valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• finnur ólíkan texta með myndrænum og tölulegum upplýsingum og innleiðir hvernig hægt er að túlka þá</li> </ul>		
<p><b>Ritun</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær</li> <li>• beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar</li> <li>• tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun</li> <li>• beitt reglum við réttiritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda</li> <li>• valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi</li> <li>• notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• leggur áherslu á vandaðan frágang, jafnt handskrifuð sem vélunnin verkefni</li> <li>• innleiðir ýmis hjálpartæki við ritun og frágang verkefna s.s. orðabækur, leiðréttingarforrit, mismunandi leitarforrit og hvernig á að umgangast þau og hvetur nemendur til aga og vandvirkni</li> <li>• hvetur nemendur til að tjá sig í rituði máli</li> <li>• fer yfir helstu réttiritunarreglur og sér til þess að nemendur æfi sig í þeim á skipulegan hátt</li> <li>• innleiðir aðferðir sem hjálpa nemendum til skapandi ritunar, útskýrir hvernig sögur eru byggðar upp</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• læra að beita rétttri fingrasetningu</li> <li>• læra að nýta sér hjálpartæki við ritun til að textinn verði sem réttastur og læsilegastur</li> <li>• skrifa ólíkan texta sem hæfið ólíkum viðtakendum</li> <li>• æfi sig í að skrifa ólíkan texta</li> <li>• fá tækifæri til að geta myndað sér skoðanir á ólíku efni og tjáð sig um það með rökum</li> <li>• þjálfir sig í réttiritun og hafi hugfast að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• ritunarverkefni</li> <li>• leiðsagnarmat</li> <li>• stafsetningaæfingar</li> </ul>

<p>sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðað samningu við hann.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnir hvernig orðtök og málshættir eru notaðir í ritun til að krydda hana</li> <li>• kennir uppsetningu heimildaritunar, þ.m.t. heimildaskrár</li> </ul>		
<p><b>Málfræði</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess</li> <li>• valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt sér reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun</li> <li>• flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböngum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna</li> <li>• áttað sig á beygingarlegum einkennum orðflokka og gerir sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra</li> <li>• notað fleyg orð, algeng orðtök, máltök og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni</li> <li>• gerir sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• útskýrir hver eru markmiðin með málfræðinámi og hvernig hún tengist m.a. málfræði erlendra tungumála</li> <li>• kannar bakgrunnsþekkingu nemenda og á hvað þurfi að leggja mesta áherslu</li> <li>• veltir fyrir sér með nemendum hvernig við aukum orðaforða okkar og hvaða hindranir kunni að vera í veginum fyrir því</li> <li>• innleiðir verkefni þar sem orðabækur eru notaðar og kennt hvernig við notum þær og til hvers</li> <li>• Helstu flokkar málfræði kynntir (fallorð – sagnorð – smáorð) sem og undirflokkar þeirra auk setningafræði, rétt og rangt mál, mállískur o.fl.</li> <li>• skipuleggur samræður og rannsóknarvinnu um tengsl íslenskunnar við önnur mál,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna með orðflokkana í gegnum ólík verkefni, s.s. í gegnum verkefnabækur, Stoðkennarann og innlagnir frá kennara</li> <li>• spá í nýjum orðum með jákvæðu hugarfari og festa þau í minni með ólíkum aðferðum sem kennari innleiðir</li> <li>• skoðar mállískur, s.s. í gegnum orðaleiki og hlustun frá ólíkum landssvæðum</li> <li>• rökræðir gildi tungumálsins og hvaða áhrif önnur tungumál hafa á það. Þurfum við e.t.v. ekki að læra íslensku?</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kannanir í málfræði</li> <li>• leiðsagnarmat ýmiss konar</li> <li>• leiðsagnarmat af ýmsu tagi</li> </ul>

<p>tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmálýska</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál þar á meðal íslenska breytast sífellt</li><li>• áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap</li><li>• gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt sér þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.</li></ul>	<p>nýyrði og hvers vegna sum orða hverfa úr málinu</p>		
--	--	--	--